

því engin breyting við giftingu móðurinnar, ekki fremur en þótt hún hefði dáið, með því að hún öðlaðist ekki við giftinguna framfærslurjett í neinni annari sveit hjer á landi.

Þá verður það heldur ekki sjeð, að hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hafi bakað sjer nokkra ábyrgð með því að sjá ekki um, að barn þetta kæmist í hendur móður sinnar áður en hún flutti úr landi, enda virðist dvöl barnsins í Stokkseyrarhreppi byggjast á einkasamningi milli hreppsnefndar Villingaholts-hrepps og fósturu þess, þótt dvalarsveitin hafi síðar orðið neydd til að skerast í málið. Um meðlagshæðina hefir enginn ágreiningur verið.

Því úrskurðast: Barnið Áslaug Alda Alfredsdóttir til heimilis í Ás-garði í Stokkseyrarhreppi á framfærslurjett í Villingaholtshreppi þar til hún er fullra 16 ára að aldri, og ber þessum, hreppi að endurgreiða Stokkseyrar-hreppi umkrafid meðlag með nefndu barni frá 7. júlí 1924 til 7. nóv. 1925 með 400 kr.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir tjeðum hreppsnefndum og ber yður að sjá um, að hin úr-skurðaða upphæð verði greidd án frekari dráttar.

REGLUGJÖRÐ

um

notkun bryggjanna í Steinsvör og Lambhússundi á Akranesi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir gefið út svofelda reglu-gjörð um notkun bryggjanna í Steinsvör og Lambhússundi á Akranesi, sam-kvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917.

1. gr.

Bryggjurnar eru í umsjá hreppsnefndarinnar í Ytri-Akraneshreppi. Þær hafa sjerstakan reikning, sem miðast við almanaksár og sje endurskoðaður og úrskurðaður af sömu mönnum og reikningar hreppsins.

Hreppsnefndin innheimtir eða lætur innheimta gjöld fyrir notkun bryggjanna samkvæmt reglugjörð þessari og gjörir reikningsskil fyrir þeim, gegn 10% innheimtulaunum.

Ársreikningur skal sendur stjórnarráðinu.

2. gr.

Ef árleg gjöld fyrir notkun bryggjanna hrökkva ekki fyrir viðhaldi þeirra og viðgerðarkostnaði, greiðist það sem á vantar, úr hreppssjóði. Ef reynslan sýnir, að bryggjurnar ekki bera sig fjárhagslega með gjöldum þeim, sem ákveðin eru í 3. gr., gjörir hreppsnefndin tillögur um hækkun þeirra.

Gjöld fyrir notkun bryggna skulu greiðast þannig:

1. fl. Gjald 5 aurar fyrir hver 100 kg.:
Salt.
2. fl. Gjald 6 aurar fyrir hver 100 kg.:
Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavír og stálvír, hverfisteinar, járn- og koparvír, járn og stál, járnkeðjur, járnþípur, þakjárn, þakpappi.
3. fl. Gjald 8 aurar fyrir hver 100 kg.:
Baðlyf, feiti, fiskilínur, kol, kaðlar, kítí, krít, leður, leirvörur, lítarvörur þungar, linoleum, ofnar og steyphtar járnvörur, pappír og bækur, þokar, þokastrigi, prentsverta, rjól og rulla, rúðugler, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, sóði, togleður, tvistur, vaxdúkur.
4. fl. Gjald 9 aurar fyrir hver 100 kg.:
Áburðarolía, bensín, fernisolía, garnir, hrogn, kjöt, mör, jurtafeiti, rjúpur og aðrir fuglar, smjör, smjörlíki, steinolía, tölga, tjara.
5. fl. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.:
Brauðvörur, dúnn, fiður, harðfiskur, kálmeti, kornvörur allskonar, lýsi, nýr fiskur slægður og óslægður, óverkaður saltfiskur, skinn þur, sundmagar, ull.
6. fl. Gjald 13 aurar fyrir hver 100 kg.:
Ávextir, nýir, þurkaðir og niðursoðnir, kaffi, kakaó, lyf og lyfjavörur, mjólk, niðursuðuvörur, nýlenduvörur allskonar, súkkulaði, sykurl, síld, te.
7. fl. Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg.:
Verkaður saltfiskur og aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
8. fl. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg.:
Eldspýtur, glervörur, glysvarningur og þessháttar ljettar vörur, reyk-tóbak, skófatnaður, vefnaðarvörur, vindlar.
9. fl. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg.:
Kartöflur.
10. fl. Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur, tunnur og þessháttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. fl. Gjald 4 aurar fyrir hvert teningsfet:
Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavjolar, skilvindur, stundaklukk-ur og þessháttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
12. fl. Gjald 1 króna fyrir hvert stykki:
Hross og nautgripir.
13. fl. Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki:
Sauðfje.
14. fl. Gjald 25 aurar fyrir hvern hestburð:
Hey.

4. gr.

Skipstjóri eða formaður á skipum, bátum og öðrum fleytum ber ábyrgð á greiðslum gjalda þeirra, sem ákveðin eru í 3. gr. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Bryggjusjóður hefir haldrjett yfir fleytunni uns gjöldin eru greidd.

5. gr.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa umsjónarmanni bryggjanna skil á greiðslunni.

Gjald af aðfluttum vörum fellur í gjalddaga, þegar þær eru komnar á bryggjurnar, og af útfluttum vörum þegar þær eru komnar í skip við bryggjurnar. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir. Bryggjusjóður hefir haldrjett á vörunum, uns gjaldið er greitt.

6. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru.
- b. Kol, olía, síld, salt, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstur og farþegaflutningur.

7. gr.

Enginn flutningur, hverju nafni sem nefnist, má liggja á bryggjunum lengur en bráð nauðsyn krefur. Fisk má ekki slægja þar. Að öðru leyti eru notendur bryggjanna og aðrir háðir þeim ákvörðunum, sem hreppsnefnd og heilbrigðisnefnd setja um góða reglu og hreinlæti á þeim.

8. gr.

Allir notendur bryggjanna eða aðrir, sem á einhvern hátt brjóta eða skemma þær, eru skyldir að bæta það að fullu eftir kostnaðarreikningi.

9. gr.

Komi notendur bryggjanna sjer ekki saman við umsjónarmann þeirra um bryggjugjaldið, geta þeir skotið máli sínu til hreppsnefndar og gildir úrskurður hennar þar um.

10. gr.

Gjöld þau, sem hjer að framan ræðir um, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

18. febr.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr., er renna í hafnarsjóð Ytri-Akraneshrepps. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. mars 1927 og fellur þá úr gildi reglugjörð um sama efni útgefin 15. jan. 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. febr. 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

19. mars

VÖRUTOLLUR.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga um vörutoll nr. 38, 27. júní 1921 og l. 15. júní 1926, hefir vörutollur á eftirgreindum vörutegundum verið færður niður þannig:

- 5. des. 1925: Fóðurrófur, færðar í 2. fl. úr 7. fl.
- 20. apríl 1926: Vandglas notað til þess að þjetta með lýsistunnur, færðar í 2. fl. úr 7. fl.
- 1. júlí 1926: Nýr og saltaður hvalur, færður í 2. fl. úr 7. fl.
- 12. okt. 1926: Mottur, sem hafðar eru utan um saltfisk við útflutning, færðar í 2. fl. úr 7. fl.
- 19. nóv. 1926: Járnvír (allur) 2 m/m í þvermál og gildari, færður í 2. fl. úr 7. fl.
- 27. nóv. 1926: Trjepípur til vatnsleiðslu, færðar í 2. fl. úr 7. fl.
- 30. nóv. 1926: Bandskór á trjepípur, færður í 2. fl. úr 7. fl.
- 11. mars 1927: Vindtúrbínur og vindmótorar, færðar í 2. fl. úr 7. fl.

Fjármálaráðuneytið, 19. mars 1927.